

24. fundur stjórnar Þekkingarseturs Suðurnesja

Fundargerð

Fundur haldinn miðvikudaginn 13. desember 2017 kl. 15:00 að Garðvegi 1, Sandgerði.

Viðstaddir:

Björk Guðjónsdóttir, fulltrúi Náttúrustofu Suðvesturlands
Fríða Stefánsdóttir, stjórnarformaður og fulltrúi Sandgerðisbæjar
Halldór Pálmar Halldórsson, fulltrúi Rannsóknaseturs HÍ á Suðurnesjum
Hanna María Kristjánsdóttir, forstöðumaður Þekkingarseturs Suðurnesja
Jóna Rut Jónsdóttir, fulltrúi SSS
Sverrir Guðmundsson, fulltrúi Keilis

Stjórnarformaður setti fundinn. Fundargerð síðasta fundar var samþykkt og undirrituð.

Dagskrá fundarins:

1. Fundir, upptakur og verkefni

Forstöðumaður sagði frá því að Sölvi Rúnar Vignisson, líffræðingur hjá Þekkingarsetrinu, hefði sótt ársfund Þekkingarsetra á Egilsstöðum í október síðastliðnum. Forstöðumaður setursins sótti ársfund INTERACT samtakanna sem haldinn var á Svalbarða 21.- 25. október ásamt Sindra Gíslasyni forstöðumanni Náttúrustofu Suðvesturlands. Næsti fundur samtakanna er forstöðumannafundur sem haldinn verður í norðurhluta Ítalíu frá 19.-23. mars næstkomandi og mun forstöðumaður sækja hann. Fyrir stuttu kom í ljós að fjórir aðilar hafa sótt um í gegnum INTERACT að koma í Þekkingarsetrið að vinna að rannsóknnum sínum á næsta ári. Sérstök matsnefnd mun meta umsóknir þeirra og á næstu vikum verður tekin ákvörðun um samþykki byggt á því mati. Setrið skilaði inn tveimur umsóknum í Uppbyggingarsjóð Suðurnesja, annars vegar vegna mótunar verkefna á sviði svokallaðra samfélagsvísinda og hins vegar fyrir rekstrarstyrk vegna sumaropnunar. Styrkur að upphæð 2,5 milljónir fékkst í samfélagsvísindaverkefnið sem unnið verður að á næsta ári. Forstöðumaður sagði frá því að nokkur þjónustuverkefni væru í bígerð. Setrið stóð fyrir starfsgreinakynningu fyrir grunnskólanemendur sem er hluti af menntaverkefni SSS. Kynningin var haldin í október síðastliðnum og var sú stærsta og flottasta hingað til. Kynningin gekk vel og mikil ánægja var með hana meðal þátttakenda.

2. Úttektir á húsnæði og starfsemi

Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja kom í úttekt í nóvember og gerði smávægilegar athugasemdir við húsnæðið sem bætt verður úr á nýju ári. Matvælastofnun kom einnig í úttekt vegna umsóknar Þekkingarsetursins um starfsleyfi til fiskatilrauna. Gerðar voru smávægilegar athugasemdir við aðstöðuna sem bætt hefur verið úr auk þess sem skila þarf inn ýmsum verklagsreglum. Tímabundið leyfi var gefið út til þriggja mánaða en þegar öllum gögnum hefur verið skilað fær setrið starfsleyfi til 12 ára.

3. Gestafjöldi 2017

Forstöðumaður kynnti gestafjölda á sýningar frá janúar til nóvember 2017. Ákveðið var að fækka auglýsingum á næsta ári þar sem þær virðast ekki vera að hafa teljandi áhrif á aðsókn.

4. Rekstrar- og viðhaldsáætlun 2018

Forstöðumaður kynnti rekstraráætlun ársins 2018. Gert er ráð fyrir að tæplega 500.000 kr. hagnaður verði af rekstri næsta árs. Nú þegar hefur áætlun um styrki verið náð. Kostnaður vegna hita og rafmangs hefur farið ört hækkandi síðustu mánuði og ákveðið var að skoða þau mál. Engar athugasemdir voru gerðar við rekstraráætlun. Á viðhaldsáætlun næsta árs verða úrbætur vegna athugasemda Heilbrigðiseftirlits, endurnýjun kalda vatns í hluta hússins, nýjar rúður í 17 glugga og viðgerðir á þeim gluggum ef þarf.

5. Önnur mál

a) Sverrir Guðmundsson, fulltrúi Keilis tilkynnti að þetta yrði hans síðasti stjórnarfundur og að nýr fulltrúi myndi mæta á næsta fund. Stjórnarmenn þökkðu Sverri fyrir samstarfið.

Ákveðið var að halda næsta fund miðvikudaginn 7. mars 2018.

Fundi var slitið kl. 16:45

Hanna María Kristjánsdóttir tók saman fundargerð.

Björk Guðjónsdóttir - Sign

Jóna Rut Jónsdóttir - Sign

Fríða Stefánsdóttir - Sign

Sverrir Guðmundsson - Sign

Halldór Pálmar Halldórsson - Sign

Hanna María Kristjánsdóttir - Sign